

29. FUNDUR Í STJÓRN FRAMKVÆMDASJÓÐS FERÐAMANNASTAÐA

Tuttugasti og níundi fundur stjórnar Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða var haldinn fimmtudaginn 4. apríl 2013 kl. 8:30 í fundarherbergi Ferðamálastofu að Geirsgötu 9.

Viðstaddir: Albína Thordarson arkitekt FAÍ formaður, Sævar Skaptason fulltrúi Samtaka ferðaþjónustunnar (SAF), Anna G. Sverrisdóttir fulltrúi Samtaka ferðaþjónustunnar (SAF) og Guðjón Bragason fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Frá FMS: Af hálfu Ferðamálastofu sat fundinn Sveinn Rúnar Traustason, Sólrún Anna Jónsdóttir og Katrín Gylfadóttir.

1. Þriðja yfirferð umsókna 3 úthlutunar .

Haldið var áfram yfirferð umsókna vegna 3. Úthlutunar. Fyrir fundinn var Sveinn búinn að fara yfir skilyrði og fylgigögn og áherslan þá helst lögð á framkvæmdir og óljósar upplýsingar með umsóknum. Sveinn er búin að hafa samband við nokkra umsækjendur og óska frekari upplýsinga sem vantaði í umsóknir þeirra.

Stjórn væri til í að skoða betur Þingeyjarsveit varðandi umsókn um Goðafoss. Athuga hvort ekki sé hægt að hraða framkvæmdum (sem eru ekki fyrirhugaðar fyrr en 2016) og tala við þá. Mikill ágangur er á svæðinu

Næsti fundur verður 5. apríl 2013

Fundi slitið 10:20

Reykjavík 4. apríl 2013 /Katrín